

	Hafnarfjörðarbaer
Innk:	15.9.2016
Málsnr:	1510320
Bréfsl:	512

Bæjarstjórn og Bæjarstjóri Garðabæjar  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

# AFRIT

Garðabæ 15. september 2016

Þann 15. desember 2015 afhentum við undirritaðir Gunnari Einarssyni bæjarstjóra bréf stílað á bæjarstjórn og bæjarstjóra þar sem við mótmælum harðlega fyrirhugaðri lokun Álfanesvegar við Herjólfssbraut. Bréfinu fylgdi undirskriftarlisti 73 íbúa (98% íbúa) Hleinanna sem fannst illa að sér vegið sem íbúum Garðabæjar að útiloka okkur frá að nota „stofnbraut“ okkar.

Eftir að nýji Álfanesvegurinn var tekinn í notkun hafa farið fram umferðatalningar og hljóðmælingar á þeim kafla sem til stendur að loka og réttlæta niðurstöður ekki lokun vegrins. Við fengum nú mánaða hvíld frá þessu leiðinda máli sem vofði þó yfir.

Nú er auglýst nýtt deiliskipulag þar sem kylfa á að ráða kasti og okkur ætlað að róa á önnur mið. Hætt er við að hugur okkar til bæjarstjórnar muni hljóta hnekki hjá þeim er notað hafa þessa stofnbraut að staðaldri, jafnvel í áraraðir (áratugi).

Til stendur að bæta stórlægla við byggingarmagni umhverfis Hrafnistu. Býður íbúum þeirra húsa sömu örlög og okkar að þurfa að aka „Krísuvíkurleiðina“ út úr sínu sveitarfélagi að óþörfu?

Getur verið að borgarstjórnarvírusinn hafi hreiðrað um sig í okkar góða samfélagi? En hann virkar á þann veg að þeir sýktu fara að hatast út í bifreiðar en sjá fyrir sér draumalandið þar sem allir ferðast á reiðhjólum á þartil gerðum stígum. Er þessi aðgerð í anda ýmissa fyrirmanna sem stíga í pontu við hátiðleg tækifæri og lofa okkur áhyggjulausu ævikvöldi?

Við viljum með bréfi þessu ítreka hug okkar til fyrirhugaðrar lokunar og látum fylgja með afrit af bréfi okkar frá 15. desember 2015 og undirskriftarlistum.

Með vinsemd,

Gunnar H. Jónsson  
Naustahlein 8

*Gunnar H. Jónsson.*

Pórður M. Adólfsson  
Bodahlein 19

*Pórður M. Adólfsson*